



Háskólinn á Akureyri

ársskýrsla
2002



efnis yfirlit

Formáli rektors	bls. 3
Stjórn	bls. 4
Skipurit	bls. 4
Auðlindadeild	bls. 8
Heilbrigðisdeild	bls. 10
Kennaradeild	bls. 12
Rekstrar- og viðskiptadeild	bls. 14
Upplýsingatæknideild	bls. 15
Kennslusvið	bls. 17
Rannsókn- og alþjóðasvið	bls. 18
Upplýsingasvið	bls. 19
Nemendasamfélagið	bls. 20
Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri	bls. 21
Byggðarannsóknastofnun	bls. 22
Ferðamála­setur	bls. 23
Matvæla­setur	bls. 23
Fjármál	bls. 24
Brautskráðir nemendur	bls. 26
Lokaverkefni	bls. 28

Útgefandi: Háskólinn á Akureyri©2003

Ritstjórn: Laufey S. Sigurðardóttir
og Jóna Jónsdóttir

Lestur handrits: Bragi Guðmundsson

Ljósmyndir: Myndrún og Páll A. Pálsson (bls. 26)

Hönnun og umbrot: AlmaDís Kristinsdóttir

Prentvinnsla: Ásprent



formáli rektors




Háskólinn á Akureyri hefur á stuttri ævi þróast mjög hratt sem öflugt og framsækið háskóla-samfélag. Þar takast nemendur á við ögrandi og heillandi viðfangsefni vísinda og hagnýtrar þekkingar undir leiðsögn metnaðarfullra háskólakennara. Háskólinn á Akureyri er þekktur fyrir þá góðu menntun sem hann veitir í mörgum mikilvægum fræðigreinum, fyrir fjölbreytt og gefandi samstarf við atvinnulífið og rannsóknastofnanir þess. Háskólinn hefur einnig getið sér gott orð fyrir uppbyggingu nýrra fræðigreina hér á landi, fjarnám og að nýta nútímalega upplýsingatækni þjóðinni til hagsbóta.

Ársskýrsla háskólans kemur nú út í breyttu formi. Í fyrsta sinn fjallar hún um aðeins eitt ár í starfseminni en fyrri árbækur hafa náð yfir fleiri ár. Þá hefur verið lögð áhersla á styttri og hnitmiðaðri umfjöllun og að lífga upp á textann með myndum frá starfsemi háskólans. Er það von mín að þessi breyting mælist vel fyrir og geri starfsemi háskólans áhugaverðari fyrir hinn almenna lesanda. Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi og þróun háskólans á ýmsum sviðum á árinu 2002. Eins og oft áður einkenndist árið af mikilli uppbyggingu og breytingum. Sú þróun er fyrst og fremst ávöxtur af starfi áhugasamra og hæfra kennara, samhents og fórnfúss starfsfólks og allra þeirra ágætu nemenda sem hér stunda nám. Í Háskólanum á Akureyri ríkir andi brautryðjendastarfs þar sem hindrunum fortíðar er breytt í tækifæri morgundagsins.

Ég vil þakka Laufeyju Sigurðardóttur og Jónu Jónsdóttur, ritstjórum ársskýrslunnar, fyrir vel unnin störf og allir þeir fjölmörgu sem lögðu til efni í skýrsluna eða aðstoðuðu við gerð hennar með öðrum hætti fá einnig mínar bestu þakkir.

Þorsteinn Gunnarsson, rektor



stjórn

Háskólaráð er æðsta vald innan háskólans. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra, einn fulltrúi nemenda og rektor sem er formaður. Háskólaráði hélt 13 fundi á árinu 2002. Háskólaráði til ráðgjafar starfar fagráð en í því eiga sæti rektor, framkvæmdastjórar, deildarforsetar og forstöðumenn kennslusviðs, rannsókn- og alþjóðasviðs og upplýsingasviðs.

Háskólaráð var skipað eftirtöldum fulltrúum til júlí 2002:

Þorsteinn Gunnarsson
rektor

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
fulltrúi menntamálaráðherra

Hermann Óskarsson dósent
fulltrúi kennara

Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor
fulltrúi kennara

Hilda Jana Gísladóttir
fulltrúi nemenda

Til vara:

Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri
fulltrúi menntamálaráðherra

Hildigunnur Svavarsdóttir
fulltrúi kennara

Rannveig Björnsdóttir
fulltrúi kennara

Dögg Árnadóttir
fulltrúi nemenda

Háskólaráð var skipað eftirtöldum fulltrúum frá ágúst 2002:

Þorsteinn Gunnarsson
rektor

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
fulltrúi menntamálaráðherra til október

Baldur Guðnason framkvæmdastjóri
fulltrúi menntamálaráðherra frá nóvember

Guðrún Alda Harðardóttir lektor
fulltrúi kennara

Hermann Óskarsson dósent
fulltrúi kennara

Þorbjörn Haraldsson
fulltrúi nemenda

Til vara:

Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri
fulltrúi menntamálaráðherra

Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor
fulltrúi kennara

Hildigunnur Svavarsdóttir lektor
fulltrúi kennara

Kristjana Milla Snorradóttir
fulltrúi nemenda

Framkvæmdastjórar

Ólafur Búi Gunnlaugsson
framkvæmdastjóri fjármálaskrifstofu

Ögmundur Knútsson
framkvæmdastjóri starfsþróunar og stefnumótunar

Deildarforsetar

Auðlindaeild: Jón Þórðarson
Eyjólfur Guðmundsson var starfandi deildarforseti í fjarveru Jóns á haustmíssi 2002

Heilbrigðisdeild: Þórarinn Sigurðsson

Kennardeild: Guðmundur Heiðar Frímannsson

Rekstrar- og viðskiptadeild: Bjarni P. Hjarðar

Upplýsingatæknideild: Mark Ó'Brien


Forstöðumenn

Kennslusvið: Stefán Jóhannsson
Rannsókn- og alþjóðasvið: Þórleifur S. Björnsson
Upplýsingasvið: Sigrún Magnúsdóttir

Háskólinn á Akureyri 15 ára

Þann 5. september 1987 hóf Háskólinn á Akureyri starfsemi sína með kennslu 13 nemenda í hjúkrunarfræði og 20 í iðnrekstrarfræði. Á haustmíssi 2002, 15 árum síðar, stunduðu 1072 nemendur nám í fimm deildum háskólans. Frá upphafi hafa 967 kandiðatar brautskráðst frá Háskólanum á Akureyri. Framhaldsnám, fjarnám og alþjóðasamstarf eru vaxandi þættir í starfsemi háskólans og auk þess eru fjölbreyttar rannsóknir stundaðar í öllum deildum hans.

Fjöldi nemenda



starfs fólk

<i>Fastir starfsmenn</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Prófessorar	8	2	10
Dósentar	7	2	9
Lektorar	16	22	38
Aðjúntar	4	5	9
Sérfræðingar	6	8	14
Skrifstofufólk	15	25	40
Aðrir	4	8	12
Alls	60	72	132


Auk fastra starfsmanna voru 547 starfsmenn við stundakennslu eða önnur tímabundin verkefni í árslok 2002 og heildarfjöldi starfsmanna því 679.

félagsvísinda- og lagadeild

haustið 2003

Á 200. fundi sínum þann 28. október samþykkti háskólaráð stofnun nýrrar deildar, félagsvísinda- og lagadeildar, sem tæki til starfa haustið 2003.

Sérstakir heiðursgestir á fundinum voru Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra, Páll Skúlason rektor Háskóla Íslands, Eiríkur Tómasson deildarforseti lagadeildar HÍ og Ólafur Þ. Harðarson deildarforseti félagsvísindadeildar HÍ. Auk háskólaráðsfulltrúa voru viðstaddir fyrir hönd HA þeir Guðmundur H. Frímannsson deildarforseti kennara-deildar, sem jafnframt leiddi undirbúningsvinnu við laganám og Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor í rekstrar- og viðskiptadeild, en hann leiddi undirbúningsvinnu félagsvísindanámsins. Í ávarpi sem menntamálaráðherra flutti í tilefni dagsins kom fram, að hann teldi æskilegt að félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri legði áherslu á að draga fram sérstöðu Íslands í námsframboði sínu og jafnframt mynda öflug tengsl við atvinnulífið.



ljósleiðara samband

Þann 21. mars var ljósleiðaratenging Rannsókn- og háskólanets Íslands (RH-net) við Háskólann á Akureyri vígð með formlegum hætti. Er skólinn þar með kominn í öflugt gagnvirkt samband við allar helstu rannsókn- og háskólastofnanir landsins. Með innbyrðis tengslum og áframhaldandi háhraðatengingum við sambærilegar stofnanir erlendis stórukast möguleikar á samskiptum og samvinnu innan háskóla- og rannsóknasamfélagsins, jafnt innanlands sem beggja vegna Atlantshafsins.

framkvæmdir á Sólborg

Á árinu 2002 var unnið áfram að innréttingu og lokafrágangi á nýbyggingum annars áfanga á Sólborg. Um sumarið og fram á haust var lokið við múrverk og málningu utanhúss, ásamt frágangi á lóð umhverfis byggingarnar og í innigarði. Verkinu var lokið á árinu, lokaúttekt var gerð 23. janúar 2003.

KEA styrkir Háskólann rausnarlega

Fimmtudaginn 31. október rituðu Þorsteinn Gunnarsson rektor og Benedikt Sigurðarson formaður stjórnar Kaupfélags Eyfirðinga – samvinnufélags (svf.) undir samstarfsyfirlýsingu um styrktarverkefni. Samkvæmt yfirlýsingunni lýsir KEA vilja til að verja árlega, næstu fimm árin, fjármagni til verkefna innan Háskólans á Akureyri, eða samstarfsstofnana, sem svarar til launakostnaðar við eina prófessorsstöðu.




vísinda dagur




Háskólinn á Akureyri bauð til vísindaveislu ásamt samstarfsaðilum laugardaginn 9. nóvember. Ánægjulegt var hve margir lögðu leið sína til háskólans þennan dag til að kynna sér fjölbreytta starfsemi í rannsóknum. Á dagskrá voru fjölmargir áhugaverðir fyrirlestrar auk þess sem búið var að setja upp eins konar lifandi vísindasamfélag þar sem gestir fengu að taka þátt undir leiðsögn þaulkunnugra vísindamanna. Meðal þess sem gestir gátu skoðað var margbreytilegt safn sjávarlífvera, bæði lifandi og uppstoppaðra, steinasafn, efna- og eðlisfræðitilraunir og vísindasmiðja fyrir yngstu kynslóðina.



Nemendafjöldi í sjávarútvegsdeild 1998–2002



Nemendafjöldi í auðlindadeild á haustmisseri 2002





auðlinda deild

Auðlinda deild Háskólans á Akureyri hóf sitt fyrsta starfsár haustið 2002. Deildin er útvíkkun á þeirri deild sem áður hét sjávarútvegsdeild og er námsframboð aukið verulega. Auk sjávarútvegsfræða er boðið uppá B.Sc. gráðu í líftækni, umhverfisfræðum og fiskeldi. Breytingar þessar eru árangur gagn Gerrar endurskoðunar á námi sjávarútvegsdeildar sem fram fór á árunum 2000–2002.

Viðbrögð við nýju námsfyrirkomulagi voru mjög góð og voru 66 nemendur skráðir inn í deildina á haustmíssi 2002 auk nemenda sem stunduðu nám skv. eldra skipulagi sjávarútvegsdeildar. Samtals stunduðu því 79 nemendur nám við auðlinda deild skólaárið 2002–2003. Boðið er upp á námið í fjarnámi og staðarnámi. Námið er þverfaglegt og veitir menntun í náttúruvísindum, greinum sem tengjast sjálfbærri nýtingu auðlinda, stjórnun og viðskiptagreinum. Í maí brautskráðist frá sjávarútvegsdeild fyrsti nemandinn með meistaraþróf, M.Sc.

Deildin byggir á nánú samstarfi við Hafrannsóknastofnunina og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þá eru einnig í gildi samningar við fyrirtæki um stuðning við rannsóknir og kennslu. Sem dæmi má nefna samning milli Landsvirkjunar og Háskólans á Akureyri um prófessorsstöðu í jarðhitafræðum og einnig er samningur milli háskólans og Prókaría um kennslu á sviði erfðafræði. Þá hefur deildin verið í samvinnu við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (SSP) um kennslu og leiðbeiningu nemenda sjávarútvegsskólans. Nemendur SSP dvelja í 10 daga á Akureyri á hverju hausti. Í heimsókninni fá þeir fyrirlestra um íslenskan sjávarútveg og skoða íslensk framleiðslu- og sjávarútvegsfyrirtæki. Þá dvelur hluti nemenda SSP við auðlinda deild um þriggja mánaða skeið þar sem þeir vinna að lokaritgerð sinni við námið undir handleiðslu sérfræðinga Háskólans á Akureyri og sérfræðinga úr atvinnulífinu. Á árinu 2002 var í fyrsta sinn boðið upp á sérhæft námskeið í rekstri og stjórnun sjávarútvegsfyrirtækja undir námskipulagi SSP. Sérfræðingar við Háskólann á Akureyri höfðu umsjón með námskeiðinu og dvaldi því hluti nemenda hér lengur en oft áður. Alls dvöldu 6 nemendur SSP í 4 mánuði við auðlinda deild skólaárið 2002–2003. SSP er kærkomin viðbót við starfsemi auðlinda deildar og mun þáttur auðlinda deildar Háskólans á Akureyri í starfsemi SSP vonandi aukast á næstu árum.

Við auðlinda deild Háskólans á Akureyri er stunduð öflug rannsóknastarfsemi. Yfir 20 rannsóknaverkefni eru í gangi á vegum starfsfólks deildarinnar og tengjast þau margvíslegum fræðasviðum. Verkefni þessi eru styrkt af innlendum og erlendum rannsóknasjóðum og eru oft unnin í nánú samstarfi við erlenda aðila. Finna má lista yfir þau rannsóknaverkefni sem í gangi eru á heimasíðu deildarinnar (www.unak.is). Þegar listinn er skoðaður kemur þverfagleiki deildarinnar glögglega í ljós, en verkefni eru meðal annars á sviðum fiskeldi, fiskihagfræði, haffræði, jarðhitafræði, líffræði og matvælafræði. Auðlinda deild hefur sett sér það markmið að auka rannsóknir enn frekar, og þá sérstaklega með tilliti til sjálfbærrar nýtingar auðlinda, og jafnframt miðla þeirri þekkingu til samfélagsins.

grafík-listaverk að gjöf

Geirprúður Pálsdóttir frá fyrirtækinu Coloplast – Ísmed ehf. færði hjúkrunarfræðibraut grafík-listaverk að gjöf eftir danskan listamann og hefur verkið verið hengt upp í Þorbjargarstofu. Þorbjargarstofa er klínísk kennslustofa nemenda í hjúkrunarfræði og er hún nefnd eftir Þorbjörgu Dýrleifu Árnadóttur sem m.a. helgaði starfskrafta sína berklasjúkum og var fyrst íslenskra hjúkrunarfræðinga til að ljúka meistaraþrófi. Það var Árun Sigurðardóttir brautarstjóri hjúkrunarfræðibrautar sem tók á móti listaverkinu en þess má geta að þetta er ekki í fyrsta skipti sem hjúkrunarfræðibraut berst gjöf frá Coloplast – Ísmed ehf. því fyrirtækið hefur áður gefið búnað til notkunar í verklegri kennslu í hjúkrunarfræði.

verknámshús heilbrigðisdeildar

Þann 7. október var formlega tekið í notkun nýtt og glæsilegt verknámshús heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri og verður það einkum nýtt til starfsþjálfunar nemenda í hjúkrunarfræði og iðjubjálfun. Nýbyggingin er sérhönnuð í þeim tilgangi að þjálfa nemendur í að nýta þá þekkingu sem þeir afla sér í bóklegu námi og líkja má húsinu við klæðskerasaumuð föt sem deildinni var gefinn kostur á að sníða eftir sínum þörfum, eins og fram kom í ræðu Þórarins J. Sigurðssonar deildarforseta heilbrigðisdeildar. Verknámshúsið er um það bil 315 fermetrar að flatarmáli. Því var gefið nafnið *Starfsver*.





heilbrigðis deild


Við heilbrigðisdeild fór fram nám á tveimur brautum árið 2002, hjúkrunarfræðibraut og iðjuþjálfunarbraut. Auk þess hélt áfram samvinna við Háskólann í Manchester um meistaranám í hjúkrunarfræði. Alls voru skráðir 216 nemendur í deildina á haustmisseri 2002. Stefna deildarinnar er að hverjum árgangi í hjúkrunarfræði fylgi hópur nemenda í fjarnámi. Á árinu 2002 voru fjarnemar í Vestmannaeyjum, Selfossi, Keflavík, Egilsstöðum, Neskaupstað og á Ísafirði. Þá voru fyrstu hjúkrunarfræðingarnir, sem höfðu lokið öllu náminu gegnum fjarkennslu, brautskráðir á háskólahátíð á Ísafirði 17. júní.

Á árinu hófst undirbúningur að meistaranámi í heilbrigðisvísindum við deildina. Tilskilinna leyfa til að hefja undirbúninginn var aflað og vinnuhópar tóku til starfa. Stefna var sett á þverfaglegt nám í heilbrigðisvísindum, og áhersla lögð á samvinnu við aðrar deildir HA, og jafnvel aðra háskóla, um vissa hluta námsins.

Rannsóknastarfsemi deildarinnar eflist á árinu. Rannsóknáætlanir með þverfaglegu ívafi litu dagsins ljós, þar sem mannauður deildarinnar á ýmsum sviðum heilbrigðisvísinda fær að njóta sín. Við deildina voru stundaðar margvíslegar rannsóknir á sviði heilbrigðismála. Sumar tengjast beint ákveðnum sjúkdómum og meðferð þeirra en nokkrar hafa beina lýðheilsufræðilega skírskotun.

Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri gegndi á árinu hlutverki í þróun heilbrigðismála á landsbyggðinni. Deildin tók þannig virkan þátt í samstarfi heilbrigðisstofnana á svæðinu frá Austurlandi til Vestfjarða, svokölluðu VAN (vestur, austur, norður) samstarfi. Einnig kom deildin að málefnum sem tengjast framtíðaruppbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem háskólasjúkrahúss.

Nemendafjöldi í heilbrigðisdeild 1998–2002



kennara deild

Við kennaradeild var boðið upp á nám á þremur brautum á haustmisseri 2002, grunnskólabraut, leikskólabraut og framhaldsbraut. Alls voru 445 nemendur skráðir í deildina. Á leikskólabraut var boðið upp á fjarnám til 9 staða og á árinu var unnið að undirbúningi fjarnáms á grunnskólabraut fyrir haustmisseri 2003. Á framhaldsbraut fór fram nám í kennslufræðum til kennsluréttinda og til meistaragráðu í uppeldis- og menntunarfræðum. Haustið 2002 var í fyrsta sinn boðið upp á síðara árið í meistaranáminu. Vorið 2002 brautskráðist þó fyrsti nemandinn úr deildinni með meistaragráðu en hann hafði lokið fyrra árinu við KHÍ.

Á árinu 2002 var að festa sig í sessi nýtt skipulag deildarinnar sem tekið var upp árið áður þar sem deildinni var skipt í þrjár brautir og deildarráð tók til starfa. Brautarfundir urðu grunneiningar deildarinnar sem bera ábyrgð á náminu og skipulagi þess. Deildarráð hefur umsjón með rekstri deildarinnar og fjárhagsstöðu og fjallar um málefni nemenda sem því berast.





skólaþróunar svið

Við kennaradeild er starfrækt skólaþróunarsvið. Meginviðfangsefni skólaþróunarsviðs lýtur að ráðgjöf við kennara og skólastjóra leik- og grunnskóla við hvers konar þróunar- og umbótastarf í skólum. Sviðið hefur forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skóla- og kennslumála, stendur fyrir rannsóknum á skólastarfi og annast fræðslu til starfandi kennara.


Skólaþróunarsvið hefur með höndum sérfræðipjónustu við nokkur sveitarfélög á Norðurlandi sem Háskólinn á Akureyri hefur gert samstarfssamning við. Þjónustan lýtur að ráðgjöf við leik- og grunnskóla, endurmenntun og rannsóknum.

Auk þessa hefur skólaþróunarsvið unnið að kennslufræðilegri ráðgjöf og rannsóknarverkefnum fyrir fleiri aðila, sveitarfélög og skóla, og tók sviðið m.a. þátt í fyrstu úttektum á sjálfsmatsaðferðum grunn- og framhaldsskóla fyrir menntamálaráðuneytið.

Af verkefnum sem unnið var að á árinu má nefna ráðgjöf við gerð skólanámskrár leik- og grunnskóla, lífsleikni í leikskóla, einelti, aga- og bekkjarstjórnun, lestur og lestrarkennslu, samstarf skóla og fjölskyldna, stefnumótun leikskóla, innra mat, gerð endurmenntunaráætlna, uppeldisfræðilegar skráningar í leikskólum og endurskoðun á stjórnkerfi grunnskóla, skipurit, erindisbréf og starfslýsingar.

Forstöðumaður skólaþróunarsviðs er Trausti Þorsteinsson.

Nemendafjöldi í kennaradeild 1998–2002




rekstrar- og viðskipta deild

Við rekstrar- og viðskiptadeild voru í boði fjögur námssvið á haustmisseri 2002, ferðaþjónusta, fjármál, markaðsfræði og stjórnun. Alls voru 294 nemendur skráðir í deildina á haustmisseri 2002. Starfsemi deildarinnar byggir á þeirri forsendu að eiga frumkvæði í íslensku menntakerfi á sínum sérsviðum og bregðast við þörfum markaðarins á hverjum tíma. Slíkt er m.a. gert með virkum tengslum við fyrirtæki, með vinnslu verkefna og í tengslum við rannsóknastofnanir.

Á árinu var ákveðið að breyta nafni rekstrardeildar í rekstrar- og viðskiptadeild. Var þetta gert til að koma til móts við óskir nemenda og þá þróun sem orðið hefur í fræðigreininni. Fyrstu viðskiptafræðingarnir voru því brautskráðir vorið 2002.

Dagana 11.–18. maí var alþjóðleg vika hjá rekstrar- og viðskiptadeild þar sem sex prófessorar frá erlendum samstarfsháskólum stjórnðu verkefnavinnu nemenda, en þema vikunnar var gerð viðskiptaáætlana. Þátttakendur í dagskránni voru um 40 erlendir stúdentar og 20 íslenskir. Í lok vikunnar var haldin ráðstefna sem bar yfirskriftina „How to sell a company“. Þar voru flutt erindi sem tóku til viðfangsefnisins út frá fræðilegu sjónarmiði og praktísku. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni var dr. Koos Swanink prófessor við Háskólann í Haag.

**Nemendafjöldi í rekstrar- og viðskiptadeild
1998–2002**





upplýsingatækni

deild

Upplýsingatækni deild hóf starfsemi haustið 2001 og býður upp á þriggja ára háskólanám til B.Sc. gráðu í tölvunarfræðum. Öll kennsla og námsmat, fyrirlestrar, æfingátímar, bækur, stoðefni, verkefni og próf er á ensku. Alls voru 35 nemendur skráðir í deildina á haustmisseri 2002.


Markmið upplýsingatækni deildar er að brautskráðir nemendur hafi öðlast skilning á grundvallarkennningum tölvunarfræðinnar og geti beitt þeim til að ná valdi á raunverulegum viðfangsefnum. Háskólapróf frá deildinni byggir á nákvæmu og vönduðu námi á sviði tölvunarvísinda. Námið er skipulagt af reyndum háskólamönnum frá leiðandi breskum háskólum. Allt starfsfólk deildarinnar hefur reynslu af störfum í alþjóðlegum háskólum í fremstu röð.

Til að ná þessum alþjóðlega staðli sækir deildin bæði starfsfólk og nemendur erlendis frá. Á árinu 2003 mun deildin því hafa á að skipa háskólakennurum frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Indlandi og Íslandi. Einnig munu erlendir gestafyrirlesarar stunda kennslu við deildina. Árið 2002 störfuðu Colin Higgins frá Háskólanum í Nottingham og Amanda Elliott frá Háskólanum í Loughborough um mánaðarskeið við deildina. Deildin hlaut Fulbright styrk á árinu 2002 til að manna eina kennarastöðu. Í framhaldi af því mun Douglas Dankel frá Háskólanum í Florida dvelja hér allt árið 2003 og kenna sérhæfð verkefni á sviði gervigreindar.

Árið 2002 hófst áttak til að afla nemenda erlendis frá sem hefur skilað mjög góðum árangri.

Er deildin hóf fyrst störf árið 2001 var lögð áhersla á að byggja upp viðeigandi nám og kennsluumhverfi til háskólagráðu. Eftir því sem deildin eflist og þróast verður hins vegar lögð aukin áhersla á rannsóknir. Árið 2002 hóf deildin samningaviðræður um samstarf á sviði rannsókna bæði á Íslandi og erlendis.

**Nemendafjöldi í
upplýsingatækni deild**



rannsóknáping norðursins

Rannsóknáping norðursins (Northern Research Forum) var haldið í Veliky Novgorod í Rússlandi dagana 19.–22. september 2002. Rannsókn- og alþjóðasvið Háskólans á Akureyri og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sáu um skipulagningu og skrifstofuhald fyrir þingið og gegndu þar mikilvægu forystuhlutverki.


Dagskrá Rannsóknáþingsins í Novgorod einkenndist af skipulagðri umræðu í kjölfar fyrirlestra á sviðum mannauðs á norðurslóðum, nýjunga í svæðastjórnun á norðurslóðum, sameiginlegra hagsmuna viðskiptalífsins og hvað hægt er að læra af sögunni. Auk þessa kynntu ungir vísindamenn framlög sín á sérstökum fundum sem kölluðust „Veche“ eða þing.

samstarfssamningur við Háskólann í Pétursborg


Í apríl var undirritaður samstarfssamningur við Háskólann í Pétursborg. Háskólinn í Pétursborg var stofnaður árið 1723 og er einn af virtustu háskólum í Evrópu. Samningurinn fjallar um samvinnu háskólanna um nemenda- og kennaraskipti og rannsóknasamstarf. Samstarfið hófst með því að Háskólinn á Akureyri styrkti einn nemanda frá Háskólanum í Pétursborg til að taka þátt í 10 daga alþjóðanámskeiði sem haldið var á vegum rekstrardeildar í maí um aðferðir í alþjóðaviðskiptum. Samningurinn var undirritaður af Þorsteini Gunnarssyni rektor Háskólans á Akureyri og Igor Murin aðstoðarrektror Háskólans í Pétursborg. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra voru meðal þeirra sem voru viðstaddir undirritunina.

viljayfirlýsing um samstarf

Laugardaginn 28. september undirritaði Þorsteinn Gunnarsson rektor viljayfirlýsingu um samstarf við kínverskan háskóla (South China University of Metallurgy) í viðurvist menntamálaráðherra. Fulltrúar kínverska háskólans voru hluti af sendinefnd kínverskra stjórnvalda sem var stödd á Akureyri til að ræða mögulega byggingu álvers á Íslandi. Samstarfsmöguleikar háskólanna tveggja eru að mati kínversku fulltrúanna fyrst og fremst á sviði tölvunarfræði og viðskiptafræði.




Lögheimili nemenda á haustmisseri 2002



Markmið kennslusviðs er að tryggja skilvirka þjónustu til nemenda og kennara og skipuleggja samráð milli stoðþjónustu og kennsludeilda. Helstu verkefni kennslusviðs eru skipulagning á kennsluumhverfi háskólans og upplýsingagjöf til nemenda og kennara. Þetta felur í sér m.a. kennslustjórn, þ.m.t. stundatöflugerð og prófstjórn, skrifstofustjórn deilda í samráði við deildaforseta, afgreiðslu gagnvart nemendum og símsvörun, nemendaskráningu, námsráðgjöf og útgáfu kennsluskrár. Fastir starfsmenn á kennslusviði eru níu.

Nemendafjöldi eftir deildum



rannsóknna- og alþjóða

Svið

Meginverkefni rannsóknna- og alþjóðasviðs eru þrískipt:

- **Að skapa umhverfi sem styður og hvetur starfsmenn til rannsókna. Í þessu felst umsýsla rannsóknnaog ráðgjöf varðandi styrkumsóknir og aðferðafræði.**
- **Að skapa umgjörð fyrir starfsfólk háskólans og nemendur til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Í þessu felast m.a. nemenda- og kennaraskipti.**
- **Að veita ráðgjöf varðandi ráðstefnuhald og hafa umsýslu með ráðstefnuhaldi gegn greiðslu á kostnaði.**

Meðal helstu verkefna rannsóknna- og alþjóðasviðs í ráðstefnuskipulagningu voru Northern Veche, þing Northern Research Forum í Veliky Novgorod, Rússlandi, 18.–21. september, Alþjóðavika rekstrardeildar 10.–17. maí og Ráðstefna Northern European History Research Network 12. apríl. Aðrir viðburðir voru t.a.m. námsdvöl bandarískra háskólanema frá North Park University 11.–15. mars.

Í upphafi árs hófst undirbúningur að þátttöku Háskólans á Akureyri í North2North skiptinemaáætlun Háskóla norðurlóða. Niðurstaðan varð sú að háskólanum er tryggð þátttaka og fjárveiting til verkefnisins. Nemendum háskólans bjóðast nú ferða- og dvalarstyrkir til nemendaskipta við aðildarstofnanir Háskóla norðurlóða.

Nemendaskipti skipa ríkan sess í starfi rannsóknna- og alþjóðasviðs. Margir nemendur háskólans sóttu nám í erlendum samstarfsháskólum á árinu og fjölmargir erlendir nemendur komu hingað til námsdvalar við háskólann. Auk nemenda heimsóttu fjölmargir gistikennara háskólann með góðum árangri. Háskólar á Norðurlöndum voru sem endranær vinsælastir meðal nemenda Háskólans á Akureyri. Alls voru nítján erlendir nemar á vegum rannsóknna- og alþjóðasviðs við Háskólann á Akureyri árið 2002. Þeir skiptust þannig eftir þjóðernum: tveir frá Þýskalandi, einn frá Finnlandi, tveir frá Frakklandi, átta frá Svíþjóð, tveir frá Noregi, fjórir frá Danmörku. Auk þessara nemenda komu u.þ.b. 50 erlendir nemendur á Alþjóðaviku rekstrardeildar í maí. Alls fóru 23 nemendur út sem skiptinemar á vegum rannsóknna- og alþjóðasviðs árið 2002. Nemendur háskólans fóru til eftirtalinna landa: einn til Frakklands, fimm til Noregs, einn til Finnlands, tveir til Bandaríkjanna, þrír til Kanada, fjórir til Austurríkis, fjórir til Svíþjóðar, einn til Þýskalands, og tveir til Danmerkur.

Rannsóknna- og alþjóðasvið starfar með rektor og dómnefnd í tengslum við framgang eða hæfismat starfsmanna við HA. Á árinu fengu eftirtaldir hæfisdóma:

Anna Þóra Baldursdóttir, lektor við kennaradeild	Kristjana Fenger, lektor við heilbrigðisdeild
Eyjólfur Guðmundsson, lektor við auðlindadeild	Rannveig Björnsdóttir, lektor við auðlindadeild
Hreiðar Þór Valtýsson, lektor við auðlindadeild	Rúnar Sigþórsson, lektor við kennaradeild
Kristín Þórarinsdóttir, lektor við heilbrigðisdeild	Sigrún Garðarsdóttir, lektor við heilbrigðisdeild

Stigamat starfsmanna fór fram samkvæmt stofnanasamningi fyrri hluta ársins. Almenn þátttaka var í stigamatinu sem fór fram öðru sinni samkvæmt núverandi reglum. Stigamatið hefur gert það mögulegt fyrir háskólann að fylgjast betur með rannsóknvirkni starfsmanna en hingað til hefur verið gert.

Sýnishorn af birtum fræðigreinum starfsmanna Háskólans á Akureyri árið 2002.

Gardarsdóttir, Sigrún. & Kaplan, S. (2002). Validity of the Árnadóttir OT-ADL Neurobehavioral Evaluation (A-ONE): Performance in Activities of Daily Living and Neurobehavioral Impairments of Persons with Left and Right Hemisphere Damage, *The American Journal of Occupational Therapy*, 56, 499–508.

Ingi Rúnar Eðvarðsson, Elli Heikkilä, Mats Johansson, Lars Olof Persson, Lasse Sigbjörn Stamböl (2002). The performance of metropolitan labour markets: A comparison based on gross-stream data, *Jahrbuch für Regional wissenschaft*, 22. árg., 1. tbl., 81–102.

Sverker Lindblad, **Ingólfur Ásgeir Jóhannesson,** Hannu Simola (2002). Education governance in transition: An introduction, *Scandinavian Journal of Educational Research* 46(3):237–245.

Ásta Thoroddsen, **Kristín Þórarinsdóttir** (2002). Samræmt fagmál í hjúkrun: notkun hjúkruna-greininga í klínisku starfi, *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 1(78), 13–21.

Kristján Kristjánsson (2002). In Defence of „Non-Expansive“ Character Education, *Journal of Philosophy of Education*, 2. tbl., 36. árg., s. 135–156.

O'Brien, Mark, Adam Bridgen, Elizabeth Fern, Bagiokou, M., (2002). Language Evolution: a natural phenomena, *N.E. Mastorakis, ed. Recent Advances in Simulation Computational Methods and Soft Computing*, WSEAS Press, 258–265.

Sigfríður Inga Karlsdóttir, Rannveig Pálsdóttir, Reynir Arngrímsson (2002). Fólásinnotkun barnshafandi kvenna fyrir þungu og á meðgöngu. *Læknablaðið* (3) 88, 215–219.

Sigþór Pétursson (2002). Clarification and expansion of formulas in AOCS recommended practice Cd 1c-85 for the calculation of iodine value from FA composition, *Journal of the American Oil Chemists Society*, 79 (7): 737–738.

Karadottir H, Lenoir L. **Þórarinn Sigurðsson,** Crigger M, Egelberg J. (2002) Pain experienced by patients during periodontal maintenance treatment, *J Periodontol*. 73, 536–542.

upplýsinga svið

Undir upplýsingasvið heyra bókasafn, gagnasmiðja og útgáfumál háskólans. Fastir starfsmenn sviðsins eru 9 talsins í rúmlega 8 stöðugildum.

Bókasafnið sem hefur frá upphafi lagt áherslu á hagnýtingu upplýsingatækni veitir aðgang að góðu úrvali gagnasafna og stafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans. Bóka- og tímaritakostur safnsins hefur byggst upp jafnt og þétt frá stofnun þess og endurspeglar val rita fræðasvið háskólans. Mikil áhersla er lögð á kennslu og þjálfun nemenda í upplýsingalæsi, eða þeirri færni að geta leitað upplýsinga, lagt mat á gæði þeirra og hagnýtt þær.

Gagnasmiðjan var stofnuð haustið 2001. Helstu verkefni hennar eru notendafræðsla vegna tölvukerfis, umsjón með hugbúnaði háskólans, tölvustofum, tækjum og tölvubúnaði. Starfsmenn gagnasmiðju annast tæknimál vegna fjarkennslu og hafa umsjón með vef háskólans. Það hefur sýnt sig með ótvíræðum hætti að mikil þörf var fyrir þjónustu gagnasmiðjunnar enda stækkar tölvukerfi háskólans í samræmi við fjölgun nemenda og starfsmanna og eykst þörfin á þjónustu hennar í samræmi við það.

Fjöldmörg rit hafa komið út á vegum Háskólans á Akureyri frá upphafi og stefnt er að því að auka enn útgáfu á rannsóknaniðurstöðum og fræðilegum athugunum starfsmanna háskólans. Mótuð hefur verið stefna í útgáfumálum og lagðar línur fyrir rannsóknaritraðir deilda með formlegum hætti.

Hlaðan – stafrænn gagnagrunnur

Mánudaginn 24. júní undirrituðu Fjölís og Háskólinn á Akureyri tilraunasamning um stafræna eintakagerð. Um er að ræða fyrsta samning sinnar tegundar en hann tekur til skönnunar útgefins íslensks efnis inn á stafrænan gagnagrunn Háskólans á Akureyri sem í daglegu tali er nefndur Hlaðan.

Samningurinn einfaldar aðgengi nemenda, sérstaklega fjarnema og kennara Háskólans á Akureyri að ítarefni í einstökum námsgreinum og tryggir jafnframt íslenskum réttihöfum (höfundum og útgefendum) sanngjarnt endurgjald fyrir stafræna eintakagerð verka þeirra.



nemenda samfélagið

Nemendafélög

Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri (FSHA) var stofnað árið 1987. Það beitir sér fyrir hagsmunum nemenda innan háskólans sem utan og er málsvari fyrir stúdenta í heild. Þann 29. ágúst var formlega opnuð ný heimasíða FSHA á slóðinni www.fsha.is. Á síðunni er að finna upplýsingar um starfsemi félagsins, fundargerðir, spjallsíðu, tilkynningar og fleiri gagnlegar upplýsingar. Stjórn FSHA sem kosin var vorið 2002 var skipuð eftirtöldum aðilum:

Hadda Hreiðarsdóttir formaður	Guðrún Stefánsdóttir ritari
Elías Gunnar Þorbjörnsson varaformaður	Ellen Ellertsdóttir meðstjórni
Selma Dögg Sigurjónsdóttir gjaldkeri	Steinar Rafn Baldursson meðstjórni

Einnig eru starfandi félög innan hvernar deildar og eru þau fyrst og fremst hagsmunafélög deildanna. Þau standa fyrir opnum fyrirlestrum, vísindaferðum og ráðstefnum. Auk þess eru ýmsar árvissar upptakur sem félögin sjá um, s.s. haustfagnaður stúdenta, sprellmót og árshátíð. Vorið 2002 var í fyrsta sinn haldin söng- og hæfileikakeppni sem tókst með ágætum og sýndi að nemendum háskólans er ýmislegt til lista lagt.

Nýnemadagar

Kennsla nýnema hófst mánudaginn 19. ágúst með dagskrá sem kallast nýnemadagar. Nýnemadagar eru sérstakir kynningardagar sem hafa það að markmiði að undirbúa nýnema fyrir nám og starf í háskóla. Þar eru tölvuumhverfi og stoðþjónusta háskólans kynnt jafnframt því sem nemendur nota tímann til að vinna saman og kynnast eldri nemendum og starfsfólki. Boðið er upp á hnitmiðuð og hagnýt undirbúningsnámskeið auk hópeflis. Með þessu móti er reynt að gera nýnemum aðlögun að háskólanámi auðveldari og leggja grunn að enn betri námsárangri. Hugmyndin að nýnemadögum er fengin frá erlendum háskólum þar sem boðið er upp á sambærilega dagskrá árlega með góðum árangri.

Ráðstefnan Ný mið

Föstudaginn 8. nóvember héldu Stafnbúi, félag nemenda í auðlindadeild, og Hið Íslenska sjávarútvegsfræðafélag ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Ný mið.“ Fyrirlesarar voru Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra, Kristján Þórarinnson stofnvistfræðingur LÍÚ, Erlendur Steinar Friðriksson sjávarútvegsfræðingur, Guðjón Stefánsson hjá Marel, Örn Viðar Skúlason framkvæmdastjóri markaðssviðs SÍF, Jóhannes Gíslason hjá Prímex og Hrafnkell Eiríksson hjá Hafrannsóknastofnun. Tómas Ingi Olrích menntamálaráðherra setti ráðstefnuna sem var í alla staði til fyrirmyndar.

Data · félag upplýsingatæknideildarnema

Data var formlega stofnað haustið 2002 og var Sigurbjörg Gróa Vilbergsdóttir kosin formaður. Á skólaárinu 2001–2002 fengu nemendur upplýsingatæknideildar aukaaðild að Reka, félagi rekstrardeildarnema.

Eir · félag heilbrigðisdeildarnema

Formenn voru Hólmfríð Freyja Methúsa-lemsdóttir á vormisseri og Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir á haustmisseri.

Magister · félag kennaradeildarnema

Formaður á árinu 2002 var Ingibjörg Ósk Pétursdóttir.

Reki · félag rekstrardeildarnema

Formenn voru Þorbjörn Haraldsson á vormisseri og Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir á haustmisseri.

Stafnbúi · félag auðlindadeildarnema

Formenn voru Arnljótur Bjarki Bergsson á vormisseri og Eggert Högni Sigmundsson á haustmisseri.



rannsóknastofnun

Stjórn RHA skipuðu í árslok 2002:

Arnheiður Eypórsdóttir
matvælafræðingur, formaður
Ólafur Jakobsson
lektor, rekstrar- og viðskiptadeild
Eyjólfur Guðmundsson
deildarforseti sjávarútvegsdeildar
Jón Kr. Sólnes
hæstaréttarlögmaður
Kristín Aðalsteinsdóttir
dósent, kennaradeild
Pórarinn Sigurðsson
deildarforseti heilbrigðisdeildar
Andrew Brooks
dósent, upplýsingatæknideild

Útgáfa

Þann 11. desember 2002 kom út á vegum RHA bókin *Sameining sveitarfélaga. Áhrif og afleiðingar*. Bókin byggir á rannsókn á sameiningum 7 sveitarfélaga á árunum 1994 og 1998. Bókin er 267 bls.

Af rannsókn- og þróunarverkefnum sem unnin voru á árinu má nefna:

- *Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur. Tillögur um fyrirkomulag skólamála*. Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson
- *Byggð og atvinnulíf í Eyjafirði*. Hjalti Jóhannesson
- *Lokala velferðsinstitutioner í förändring. En Nordisk jämförelse*. Grétar Þór Eypórsson
- *Markaðsmál ferðaþjónustunnar. Könnun meðal félagsmanna Samtaka ferðaþjónustunnar um markaðsmál*. Hjördís Sigursteinsdóttir
- *Sameining sveitarfélaga. Áhrif og afleiðingar*. Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson. (Bók)
- *Samfélagslegar forsendur atvinnuuppbyggingar á Eyjafjarðarsvæðinu*. Hekla Gunnarsdóttir
- *Samgöngubætur og félags- og efnahagsleg áhrif þeirra. Þróun matsaðferða*. Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson.
- *Stoðgreinar útgerðar og fiskvinnslu*. Hjördís Sigursteinsdóttir
- *Umferðarfræðsla í skólum. Rannsókn á forsendum og framkvæmd við umferðarfræðslu í skólum*. Benedikt Sigurðarson
